

Alþingi
Erindi nr. P 138/1300
komudagur 19.3.2010



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2010
Mál nr. 1003007

Efni: Umsögn um þingsályktun um úttekt á gjaldmiðilsmálum nr. 167.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Landssambands íslenskra útvegsmanna um tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum, þskj. 186 – 167. mál.

Samtökin taka undir þessa þingsályktun og telja mikilvægt að viðtæk úttekt verði gerð á helstu framtíðarkostum Íslands í gjaldmiðilsmálum með aðkomu fulltrúa sjávarútvegsins að þeirri vinnu. Árið 1998 var unnin á vegum forsætisráðuneytisins skýrsla sem fjallaði um áhrif Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf og valkosti Íslands í gjaldmiðilsmálum. Mikilvægt er að farið verði yfir stöðu gjaldmiðilsmála í ljósi reynslunnar og framtíðarkostir í því máli endurmetnir með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,

Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur